

Íslenska vitafélagið

Skýrsla stjórnar 2005 Starfsárið 2004-2005

Óvæntar upptækur – þegar fólk átti þeirra síst von – á stöðum þar sem fólk væntir ekki neinna viðburða – einkenndu liðið ár Íslenska vitafélagsins. En umfram allt voru þetta stundir gleði og samveru.

Kvöldvökur í vitum og víðar

Í júlí voru það gestir frá Noregi sem í samvinnu við félagið stóðu fyrir kvöldvökum við Dalatangavita, í kirkjunni á Seyðisfirði, tónleikum á Akureyri, og Siglufirði og dagskrá við Sauðanesvita. Einnig tóku þeir ásamt Vitafélaginu þátt í hátíðarhöldunum á Siglufirði, þegar heimamenn minntust þess að hundrað ár voru frá því Norðmenn kenndu þeim að veiða og verka síld. Til stóð að dagskrá yrði einnig við Galtarvita en sökum hótana Veðurstofunnar um illviðri þann dag var dagskráin blásin af – og óveðrið einnig.

Listsýning í Garðskagavita

Um páskana stóð félagið fyrir listsýningu í Garðskagavita í samvinnu við Örnú Valsdóttur fjöllistakonu. Er skemmst frá því að segja að sýningin vakti umtalsverða athygli og í kjölfar hennar hefur formaður og aðrir stjórnarmenn fengið upphringingar og beðnir um að láta nú til sín taka á ýmsum öðrum stöðum. Atburðir síðasta árs hafa sem sé komið því inn hjá fólki að félagið eigi og ráði yfir vitum landsins. Ekki dónalegt ef svo væri! Eða eins og einn viðmælanda orðaði það: „Þið sem yfir vitunum ráðið”.

Samkunda í miðborg Reykjavíkur

Á sama tíma var einnig haldin samkunda mikil í miðborg Reykjavíkur þar sem félagsmenn mættu og ræddu framtíðarskipan félagsins og heimsmálin. Var þarna gleðskapur mikill, glatt á hjalla og margar hugmyndir á lofti um hlutverk félagsins og skipan heimsmála. Þeir sem þarna mættu bíða spenntir eftir næstu upptækum.

Framtíðarskipan um eignarhald og rekstur vitajarða

Sem betur fer eru stjórnvöld einnig að rumska – þó svo að það sé ansi seint. Samgöngu-ráðherra skipaði vinnuhóp í lok apríl 2005. sem er ætlað að móta heildarstefnu fyrir framtíðarskipan eignarhalds og rekstur vitajarða á Íslandi. Ekki var leitað til Vitafélagsins um samstarf en formanni var sent bréf persónulega, sem og Ferðamálaráði, Samtökum ferðaþjónustunnar, Ferðamálasamtökum Íslands og Sambandi íslenskra sveitfélaga. Í bréfinu voru ofantaldir aðilar beðnir um hugmyndir og athugasemdir sem nýst gætu vinnuhópnum við mótun stefnu stjórnvalda á þessu sviði. Forvitnilegt verður að sjá niðurstöður hópsins en dapurlegt er til þess að vita að ekki skuli lagt í heildarstefnumörkun fyrir strandmenningu landsins og ekki leitað til fagaðila eins og Fornleifaverndar og Húsafríðunarnefndar af þessu tilefni.

Byggðasafn við Garðskagavita

Við Garðskagavita er að rísa myndarlegt hús undir byggðasafn heimamanna og hafa stjórnarmenn haft miklar væntingar um að koma þarna á fót vitasafni. Kannski er það enn ekki of seint, en sökum ótrúlegra anna hefur ekki orðið af því enn að stjórnin setjist niður með heimamönnum og fari yfir stöðu mála. Vonandi tekst það á næstu vikum.

Starfsvettvangur félagsins er stór og nóg pláss fyrir áhugasama félagsmenn að koma og leggja stjórninni lið. Því væntum við þess að sem flestir leggi okkur lið á næstu misserum.

Sigurbjörg Árnadóttir
Formaður